

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 98/30/EB

2002/EES/23/37

frá 22. júní 1998

um sameiginlegar reglur fyrir innri markaðinn fyrir jarðgas(*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 57. gr., 66. gr. og 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 7. gr. a í sáttmálanum skal innri markaðurinn vera svæði án innri landamæra þar sem tryggður er frjálst flutningur á vörum, fólki, þjónustu og fjármagni. Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir til að stuðla að því að innri markaðurinn verði að veruleika.
- 2) Samkvæmt 7. gr. c í sáttmálanum skal taka tillit til mismunandi þróunarstigs hagkerfa en undanþágur skulu vera til tímabundnar og valda sem minnstum truflunum á starfsemi hins sameiginlega markaðar.
- 3) Mikilvægt skref í átt að sameiginlegum orkumarkaði er að koma á jarðgasmarkaði þar sem samkeppni ríkir.

4) Tilskipun ráðsins 91/296/EBE frá 31. maí 1991 varðandi gegnumflutning á jarðgasi um flutningskerfi ⁽⁴⁾ og tilskipun ráðsins 90/377/EBE frá 29. júní 1990 um starfsreglur bandalagsins til að auka gagnsæi verðlagningar á gasi og rafmagni til notenda í atvinnuskyni ⁽⁵⁾ eru fyrsti áfangi í tilkomu innri markaðar fyrir jarðgas.

5) Brýnt er að gera frekari ráðstafanir í því skyni að koma á innri markaði fyrir jarðgas.

6) Ákvæði þessarar tilskipunar eiga ekki að hafa áhrif á beitingu sáttmálans, einkum ákvæðin um frjálsta flutninga á vörum á innri markaðinum og reglur um samkeppni og þau hafa ekki áhrif á völd framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt sáttmálanum.

7) Innri jarðgasmarkaði þarf að koma á í áföngum til þess að gera atvinnugreininni kleift að aðlagast nýju umhverfi á sveigjanlegan og skipulegan hátt og til þess að unnt sé að taka tillit til mismunandi markaðsgerðar í aðildarríkjunum.

8) Stofnun innri jarðgasmarkaðar stuðlar að samtengingu og rekstrarsamhæfi kerfa, til dæmis með því að samhæfa gæði gass.

9) Setja ber tiltekinn fjölda sameiginlegra reglna fyrir skipulag og rekstur jarðgasgeirans. Í samræmi við dreifræðisregluna ber að setja almennar meginreglur í bandalaginu til að marka stefnuna en aðildarríkjunum er eftirlátið að útfæra þær þannig að hvert aðildarríki geti viðhaldið og valið það fyrirkomulag sem best

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 245, 4.9.1998, bls. 43, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2001 frá 26. október 2001 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 60, 6.12.2001, bls. 36.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 65, 14.3.1992, bls. 14, og Stjtið. EB C 123, 4.5.1994, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 73, 15.3.1993, bls. 31, og Stjtið. EB C 195, 18.7.1994, bls. 82.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 17. nóvember 1993 (Stjtið. EB C 329, 6.12.1993, bls. 182), sameiginleg afstaða ráðsins (EB) nr. 17/98 frá 12. febrúar 1998 (Stjtið. EB C 91, 26.3.1998, bls. 46) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. apríl 1998 (Stjtið. EB C 152, 18.5.1998). Ákvörðun ráðsins frá 11. maí 1998.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 147, 12.6.1991, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 95/49/EB (Stjtið. EB L 233, 30.9.1995, bls. 86).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 185, 17.7.1990, bls. 16. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

- hentar aðstæðum á hverjum stað, einkum með hliðsjón af leyfum og yfirumsjón með vörukaupasamningum.
- 10) Afhending á jarðgasi erlendis frá er sérstaklega mikilvægt vegna kaupa á jarðgasi í aðildarríkjum sem eru mjög háð innflutningi á jarðgasi.
- 11) Almenna reglan er að fyrirtæki innan jarðgasgeirans geti stundað starfsemi sína án þess að vera mismunandi.
- 12) Í sumum aðildarríkjunum kann að reynast nauðsynlegt að innleiða skyldur um opinbera þjónustu til að tryggja örugga afhendingu og vernd neytenda og umhverfis sem ríkin telja ekki víst að sé sjálfkrafa tryggð með frjálsri samkeppni.
- 13) Langtímaskipulag getur verið ein aðferð við að uppfylla slíkar skyldur um opinbera þjónustu um leið og tekið er tillit til þess að þriðju aðilar kunni að leita eftir því að fá aðgang að kerfinu. Aðildarríkjunum er heimilt að hafa eftirlit með samningum, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem gerðir eru í því skyni að fylgjast reglulega með afhendingu.
- 14) Aðildarríkjunum er skylt, samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sáttmálans, að virða reglur um samkeppni með tilliti til opinberra fyrirtækja og fyrirtækja sem hafa fengið sérstök réttindi eða einkarétt.
- 15) Í 2. mgr. 90. gr. sáttmálans er fyrirtækjum, sem hefur verið falið að veita þjónustu sem hefur almennt efnahagslegt gildi, gert að hlíta þessum reglum með sérstökum skilyrðum. Framkvæmd þessarar tilskipunar hefur áhrif á starfsemi slíkra fyrirtækja. Aðildarríkin þurfa ekki, eins og um getur í 3. mgr. 3. gr., að beita ákvæðum 4. gr., einkum gagnvart dreifikerfum sínum, til að standa ekki í vegi fyrir því, að lögum eða í reynd, að skyldur, sem jarðgasfyrirtækjum ber að sinna og hafa almennt efnahagslegt gildi, séu uppfylltar.
- 16) Aðildarríkin verða því að virða reglur sáttmálans sem máli skipta, eins og dómstóll Evrópubandalaganna túlkar þær, þegar þau leggja skyldur um opinbera þjónustu á fyrirtæki innan jarðgasgeirans.
- 17) Mæla ber fyrir um grunnviðmiðanir og málsmeðferðarreglur sem varða leyfi sem aðildarríkin kunna að veita til þess að reisa megi og starfrækja viðeigandi aðstöðu innan innlands kerfis þeirra. Þessi ákvæði ættu ekki að hafa áhrif á viðeigandi ákvæði
- innlendarar löggjafar þar sem gerð er krafa um að veita skuli leyfi fyrir því að reisa eða starfrækja viðkomandi aðstöðu. Slík krafa ætti, samt sem áður, ekki að takmarka samkeppni milli fyrirtækja innan geirans.
- 18) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1254/96/EB frá 5. júní 1996 um setningu viðmiðunarreglna um samevrópsk orkunet ⁽¹⁾ stuðlar að þróun samþættra grunnvirkja fyrir jarðgasgeirann.
- 19) Tæknilegar reglur um rekstur kerfa og beinna leiðslna skulu vera gagnsæjar og tryggja rekstrarsamhæfi kerfa.
- 20) Setja ber meginreglur um fyrirtæki á sviði flutninga, geymslu og fljótandi jarðgass og fyrirtækja á sviði dreifingar og afhendingar.
- 21) Nauðsynlegt er að kveða á um að lögbær yfirvöld hafi aðgang að innri reikningsskilum fyrirtækja með tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu.
- 22) Reikningsskil allra samþættra jarðgasfyrirtækja skulu vera mjög gagnsæ. Reikningsskilin skulu aðskilin fyrir mismunandi starfsemi þegar það er nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir mismunun, víxlniðurgreiðslur og aðra röskun á samkeppni, að teknu tilliti til þess, í viðkomandi tilvikum, að í flutningi felst endurgösun með tilliti til reikningsskila. Sérreikningsskila skal ekki krafist fyrir lögaðila, til dæmis verðbréfamarkaði, meðal annars fyrir framvirka staðlaða samninga, sem gegna, burtséð frá þessari viðskiptastarfsemi, engu hlutverki sem jarðgasfyrirtæki gegnir. Heimilt er að leggja fram samþætt reikningsskil fyrir vetniskolefnisframleiðslu og tengda starfsemi sem lið í því að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar um reikningsskil fyrir aðra starfsemi en starfsemi á sviði gass. Viðeigandi upplýsingar í 3. mgr. 23. gr. skulu, þar sem þess er krafist, fjalla um reikningsskilagögn um leiðslur fyrir óunnið jarðgas.
- 23) Aðgangur að kerfinu skal vera frjálss í samræmi við þessa tilskipun og ætti að leiða til þess að markaðir í hinum ýmsu aðildarríkjum verði nægilega opnir og,

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 161, 29.6.1996, bls. 147. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun nr. 1047/97/EB (Stjótið. EB L 152, 11.6.1997, bls. 12).

eftir atvikum, opnir í sambærilegum mæli. Um leið ætti opnun markaða ekki að skapa ónaðsynlegt ójafnvægi með tilliti til samkeppni milli fyrirtækja í hinum ýmsu aðildarríkjum.

- 24) Vegna fjölbreytts skipulags og mismunandi séreinkenna kerfa í aðildarríkjunum ætti aðgangur að kerfum að vera með mismunandi hætti og honum stýrt í samræmi við hlutlægar og gagnsæjar viðmiðanir án mismununar.
- 25) Til þess að samkeppnismarkaður fyrir jarðgas geti orðið að veruleika skal kveða á um aðgang að leiðsluferfum fyrir óunnið jarðgas. Nauðsynlegt er að fara með slíkan aðgang að leiðsluferfum fyrir óunnið jarðgas sem sérmál, einkum með tilliti til sérstakra efnahagslegra, tæknilegra og rekstrarlegra sérkenna slíkra kerfa. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa engin, áhrif á innlend skattaákvæði.
- 26) Setja ber ákvæði um leyfi fyrir lagningu og notkun beinna leiðslna.
- 27) Setja skal öryggisákvæði og kveða á um málsmeðferð við lausn deilumála.
- 28) Forðast skal alla misnotkun á yfirburðastöðu og undirverðlagningu.
- 29) Þar sem búast má við að sum aðildarríki eigi í sérstökum erfiðleikum með að aðlaga kerfi sín ber að setja ákvæði um tímabundnar undanþágur.
- 30) Staðreyndin er sú að gerðir hafa verið á markaði langtímasamningar, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, í því skyni að tryggja gasbirgðir aðildarríkjanna. Einkum ber að setja ákvæði um undanþágur frá tilteknum ákvæðum þessarar tilskipunar ef um er að ræða jarðgasfyrirtæki sem er eða yrði í alvarlegum efnahagsferfiðleikum vegna skuldbindinga, sem það hefur undirgengist, samkvæmt samningi þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða einhverja fjárhæð jafnvel þótt varan sé ekki afhent. Fyrirnefndar undanþágur ættu ekki að veikja tilganginn með þessari tilskipun, sem er að gefa innri markaðinn frjálstan fyrir jarðgas. Alla samninga, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem eru gerðir eða endurnýjaðir eftir að tilskipun þessi öðlast gildi, skal gera með varkárni í

því skyni að þeir hamli því ekki að unnt verði að opna markaðinn að verulegu leyti. Því ber að takmarka gildistíma og gildissvið slíkra undanþágna og veita þær svo gagnsætt sé undir yfirumsjón framkvæmdastjórnarinnar.

- 31) Þörf er sérákvæða fyrir markaði og fjárfestingar á öðrum sviðum sem eru vanþróuð enn sem komið er. Takmarka ber gildistíma og gildissvið undanþágna fyrir slíka markaði og svið. Með tilliti til gagnsæis og einsleitni ætti framkvæmdastjórnin að gegna veigamiklu hlutverki þegar veita á fyrirnefndar undanþágur.
- 32) Þessi tilskipun er enn einn áfangi á leið til meira frjálssræðis. Eftir að hún kemur til framkvæmda verður engu að síður enn um að ræða hindranir í viðskiptum með jarðgas milli aðildarríkjanna. Leggja ber fram tillögur um það hvernig efla megi starfrækslu innri markaðarins fyrir jarðgas í ljósi fenginnar reynslu. Því ber framkvæmdastjórninni að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Í þessari tilskipun eru settar sameiginlegar reglur um flutning, dreifingu, afhendingu og geymslu jarðgass. Settar eru reglur um skipulagningu og starfsemi jarðgasgeirans, meðal annars fljótandi jarðgass, markaðsaðgang, starfrækslu kerfa og viðmiðanir og málsmeðferð við veitingu leyfa fyrir flutningi, dreifingu, afhendingu og geymslu jarðgass.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „jarðgasfyrirtæki“: einstaklingur eða lögpersóna sem starfar á að minnsta kosti einu eftirtalinna sviða: framleiðslu, flutningi, dreifingu, afhendingu, kaupum á eða geymslu jarðgass, meðal annars fljótandi jarðgass, og er ábyrgur fyrir verkefnum sem lúta að viðskiptum, tækni og/eða viðhaldi, sem aftur tengjast fyrirnefndum störfum, en er ekki endanlegur kaupandi;

2. „leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas“: leiðslur eða leiðslukerfi sem eru starfrækt og/eða lögð sem hluti af olíu- eða gasframleiðslufrákvæmd eða eru notuð til þess að miðla jarðgasi frá einni eða fleiri slíkum starfstöðvum til vinnslustöðvar eða birgðastöðvar eða endastöðvar við strönd;
3. „flutningur“: flutningur jarðgass um annars konar háþrýstuleiðslukerfi en leiðslukerfi fyrir óunnið jarðgas í þeim tilgangi að afhenda það viðskiptamönnum;
4. „fyrirtæki sem annast flutning“: einstaklingur eða lögpersóna sem starfar á sviði flutnings;
5. „dreifing“: flutningar jarðgass um leiðslukerfi innan sveitarfélaga eða héraða í þeim tilgangi að afhenda það viðskiptamönnum;
6. „dreifingarfyrirtæki“: einstaklingur eða lögpersóna sem annast dreifingu;
7. „afhending“: afgreiðsla og/eða sala jarðgass, þar með talið fljótandi jarðgas, til viðskiptamanna;
8. „afhendingarfyrirtæki“: einstaklingur eða lögpersóna sem annast afhendingu;
9. „geymsluaðstaða“: aðstaða til þess að geyma jarðgas sem er í eigu jarðgasfyrirtækis eða er starfrækt af slíku fyrirtæki, að þeim hluta undanskildum sem er notaður til framleiðslu;
10. „geymslufyrirtæki“: einstaklingur eða lögpersóna sem annast geymslu;
11. „virki fyrir fljótandi jarðgas“: birgðastöð þar sem jarðgasi er breytt í vökva eða þar sem afferming, geymsla og endurgösum fljótandi jarðgass fer fram;
12. „kerfi“: öll flutningskerfi og/eða dreifikerfi og/eða virki fyrir fljótandi jarðgas sem jarðgasfyrirtæki á og/eða starfrækir, þar með talin aðstaða þess og tengdra fyrirtækja, þar sem veitt er nauðsynleg viðbótarþjónusta til þess að veita aðgang að flutningi og dreifingu;
13. „samtengt kerfi“: fjöldi kerfa sem eru tengd innbyrðis;
14. „bein leiðsla“: jarðgasleiðsla sem er til viðbótar samtengda kerfinu;
15. „samþætt jarðgasfyrirtæki“: lóðrétt eða lárétt samþætt fyrirtæki;
16. „lóðrétt samþætt fyrirtæki“: jarðgasfyrirtæki sem starfar á tveimur eða fleiri eftirtalinna sviða: framleiðslu, flutningi, afhendingu eða geymslu jarðgass;
17. „lárétt samþætt fyrirtæki“: fyrirtæki sem starfar á að minnsta kosti einu eftirtalinna sviða: framleiðslu, flutningi, dreifingu, afhendingu eða geymslu jarðgass og stundar aðra starfsemi sem ekki tengist gasi;
18. „tengt fyrirtæki“: eignatengd fyrirtæki í skilningi 41. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga ⁽¹⁾ sem byggð er á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans og/eða hlutteilarfyrirtæki í skilningi 1. mgr. 33. gr. og/eða fyrirtæki í eigu sömu hluthafa;
19. „kerfisnotandi“: einstaklingur eða lögpersóna sem afhendir jarðgas eða fær jarðgas afhent gegnum kerfið;
20. „viðskiptamenn“: heildsalar eða kaupendur jarðgass og jarðgasfyrirtæki sem kaupa jarðgas;
21. „kaupandi“: viðskiptamaður sem kaupir jarðgas til eigin nota;
22. „heildsalar“, þar sem aðildarríkin viðurkenna þá: einstaklingar eða lögpersónur sem kaupa og selja jarðgas og sem ekki sjá um flutning eða dreifingu innan eða utan kerfisins þar sem þeir hafa staðfestu;
23. „gerð langtímaáætla“: áætlanir jarðgasfyrirtækja um afhendingu og flutningsgetu til langs tíma með það fyrir augum að mæta þörfum kerfisins fyrir jarðgas, auka fjölbreytni linda og tryggja framboð til viðskiptamanna;
24. „nývaxtarmarkaður“: aðildarríki þar sem fyrsta vöruafhending samkvæmt fyrsta jarðgaskaupasamningi til langs tíma fór fram fyrir tíu árum eða síðar;
25. „öryggi“: bæði öryggi með tilliti til afhendingar og birgða og tæknilegt öryggi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 1994.

II. KAFLI

ALMENNAR REGLUR UM SKIPULAGNINGU
ATVINNUGREINARINNAR

3. gr.

1. Aðildarríkjnum ber að tryggja, á grunni skipulags stofnana þeirra og með viðeigandi tilliti til dreifræðisreglunnar, að jarðgasfyrirtæki séu rekin í samræmi við meginreglur þessarar tilskipunar, með fyrirvara um 2. mgr., til að koma á samkeppnismarkaði fyrir jarðgas og að fyrrnefndum fyrirtækjum sé ekki mismunað að því er varðar réttindi og skyldur.

2. Aðildarríkjnum er heimilt, að teknu fullu tilliti til viðeigandi ákvæða sáttmálans, einkum 90. gr., að skylda jarðgasfyrirtæki til þess að sinna opinberri þjónustu í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna, sem getur varðað öryggi, þar með talið öruggt framboð, reglufestu, gæði og verð afhentar vöru og umhverfisvernd. Skilgreina ber fyrrnefndar skyldur nákvæmlega auk þess sem þær skulu vera gagnsæjar, án mismununar og unnt að sannreyna þær. Aðildarríkin skulu birta þær og allar endurskoðanir þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni þegar í stað. Aðildarríkjum er heimilt, óski þau þess, að koma á langtímaskipulagi til að tryggja að fyrrnefndum skyldum um opinbera þjónustu í tengslum við öruggt framboð sé sinnt um leið og gert er ráð fyrir að þriðju aðilar kunni að leita eftir aðgangi að kerfinu.

3. Aðildarríkjnum er heimilt að ákveða að beita ekki ákvæðum 4. gr. með tilliti til dreifingar að svo miklu leyti sem beiting þessara ákvæða myndi hindra, að lögum eða í reynd, að jarðgasfyrirtækin gætu sinnt þeim skyldum sem þeim ber í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna og að svo miklu leyti sem það hefði ekki áhrif á þróun viðskipta að því marki að ganga þvert á hagsmuni bandalagsins. Samkvæmt þessari tilskipun og 90. gr. sáttmálans liggja hagsmunir bandalagsins meðal annars í samkeppni með tilliti til hæfra viðskiptamanna.

4. gr.

1. Ef um það er að ræða að leyfi (til dæmis nytjaleyfi, heimild, sérleyfi, samþykki eða viðurkenningu) þurfi til þess að reisa eða starfrækja virki fyrir jarðgas skulu aðildarríkin eða lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna, veita leyfi til þess að reisa og/eða starfrækja slík virki, leiðslur og tilheyrandi tækjabúnað á yfirráðasvæði sínu í samræmi við 2. til 4. mgr. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld, sem þau tilnefna, geta einnig veitt heimild, á sama grundvelli, til afhendingar jarðgass og til heildsala.

2. Styðjist aðildarríkin við fyrirkomulag leyfisveitinga skulu þau mæla fyrir um markmið og viðmiðanir án mismununar sem fyrirtæki, sem sækir um leyfi til þess að reisa og/eða starfrækja jarðgasvirki eða sækir um leyfi til þess að afhenda jarðgas, skal uppfylla. Birta skal opinberlega viðmiðanir án mismununar og aðferðir við leyfisveitingar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að ástæður fyrir synjun um leyfi séu hlutlægar og án mismununar og að umsækjanda sé tilkynnt um þær. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um ástæður slíkrar synjunar til upplýsingar. Aðildarríkin skulu samþykkja málsmeðferð sem gerir hlutaðeigandi umsækjanda kleift að áfrýja slíkri synjun.

4. Aðildarríkjnum er heimilt, með tilliti til þróunar svæða, þangað sem gasi hefur nýlega verið veitt, og skilvirks rekstrar almennt og með fyrirvara um ákvæði 20. gr., að synja um frekari leyfi til þess að reisa og starfrækja dreifikerfi á tilteknu svæði hafi slík dreifikerfi þegar verið reist eða fyrir liggja áætlanir um slíkt á því svæði og að því gefnu að sú aðstaða, sem fyrir er eða er fyrirhuguð, sé ekki fullnýtt.

5. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að samdar séu og birtar tæknireglur um lágmarkskröfur um tæknihönnun og rekstur vegna tengingar virkja fyrir fljótandi jarðgas, geymsluaðstöðu, annarra flutningsneta eða dreifikerfa og beinna lína við kerfið. Þessar tæknireglur skulu tryggja rekstrarsamhæfi kerfa og vera hlutlægar og án mismununar. Þær ber að tilkynna framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði 8. gr. tilskipunar ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða⁽¹⁾.

III. KAFLI

FLUTNINGUR, GEYMSLA OG FLJÓTANDI JARÐGAS

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggt sé að fyrirtæki á sviði flutnings, geymslu og fljótandi jarðgass starfi í samræmi við ákvæði 7. og 8. gr.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 109, 26.4.1983, bls. 8. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 96/139/EB (Stjótið. EB L 32, 10.2.1996, bls. 31).

7. gr.

1. Fyrirtæki á sviði flutnings, geymslu og fljótandi jarðgass skulu starfrækja, viðhalda og þróa, við skilyrði sem eru hagkvæm í efnahagslegu tilliti, traust, áreiðanleg og skilvirk flutningskerfi, geymsluáðstöðu og/eða virki fyrir fljótandi jarðgas, þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til umhverfisins.

2. Fyrirtæki á sviði flutninga, geymslu og/eða fljótandi jarðgass skulu ekki mismuna kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við þau.

3. Fyrirtæki á sviði flutninga, geymslu og/eða fljótandi jarðgass skulu veita öðrum fyrirtækjum sem annast flutning, öðrum geymslufyrirtækjum og/eða dreifingarfyrirtækjum fullnægjandi upplýsingar til þess að tryggt sé að flutningur geti farið fram og geymsla verið með þeim hætti sem er í samræmi við öruggan og skilvirkan rekstur samtengda kerfisins.

8. gr.

1. Fyrirtæki á sviði flutninga, geymslu og/eða fljótandi jarðgass skulu, með fyrirvara um ákvæði 12. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þau afla sér með starfsemi sinni.

2. Fyrirtæki sem annast flutning, skulu ekki, í tengslum við kaup eða sölu fyrirtækja sem annast flutning eða tengdra fyrirtækja á jarðgasi, misnota viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þau fá frá þriðju aðilum í tengslum við það að veita eða semja um aðgang að kerfinu.

IV. KAFLI

DREIFING OG AFHENDING

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tryggja að dreifingarfyrirtæki fari að ákvæðum 10. og 11. gr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að skylda dreifingarfyrirtæki og/eða afhendingarfyrirtæki til að þjóna viðskiptamönnum á tilteknu svæði eða í tilteknum flokki eða hvort tveggja. Heimilt er að stýra gjaldskránni fyrir slíka þjónustu, t.d. til að tryggja að hlutaðeigandi viðskiptamenn hljóti jafna meðferð.

10. gr.

1. Öll dreifingarfyrirtæki skulu starfrækja, viðhalda og þróa, við skilyrði sem eru hagkvæm í efnahagslegu tilliti, traust, áreiðanlegt og skilvirkt kerfi þar sem tilhlýðilegt tillit er tekið til umhverfisins.

2. Dreifingarfyrirtæki skal þó aldrei, mismuna kerfisnotendum eða flokkum kerfisnotenda, einkum í því skyni að draga taum fyrirtækja sem eru í eignatengslum við það.

3. Dreifingarfyrirtæki skulu veita öðrum dreifingarfyrirtækjum og/eða flutnings- og/eða geymslufyrirtækjum fullnægjandi upplýsingar til þess að tryggt sé að gasflutningar geti farið fram með þeim hætti sem er í samræmi við öruggan og skilvirkan rekstur samtengda kerfisins.

11. gr.

1. Dreifingarfyrirtæki skulu, með fyrirvara um ákvæði 12. gr. eða aðra lagaskyldu þess efnis að afhenda upplýsingar, gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þau afla sér með starfsemi sinni.

2. Dreifingarfyrirtæki skulu ekki, í tengslum við kaup eða sölu dreifingarfyrirtækjanna eða tengdra fyrirtækja á jarðgasi, misnota viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem þau fá frá þriðju aðilum í tengslum við það að veita eða semja um aðgang að kerfinu.

V. KAFLI

ADSKILNADUR OG GAGNSÆI REIKNINGA

12. gr.

Aðildarríkin eða hvert það lögbæra yfirvald, sem þau tilnefna, auk yfirvaldanna, sem sjá um lausn deilumála og um getur í 2. mgr. 21. gr. og 3. mgr. 23. gr., skulu hafa aðgang að þeim reikningum jarðgasfyrirtækja, eins og fram kemur í 13. gr., sem þau þurfa að skoða vegna starfa sinna. Aðildarríkin og hvert það lögbæra yfirvald, sem þau tilnefna, auk yfirvaldanna, sem sjá um lausn deilumála, skulu gæta trúnaðar um viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Aðildarríkjunum er heimilt að samþykkja undanþágur frá meginreglunni um trúnað ef slíkt er nauðsynlegt til þess að gera lögbærum yfirvöldum kleift að sinna störfum sínum.

13. gr.

1. Aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að reikningar jarðgasfyrirtækja séu haldnir í samræmi við ákvæði 2. til 5. mgr þessarar greinar.

2. Jarðgasfyrirtæki skulu, hvernig sem eignarhaldi þeirra eða rekstrarformi að lögum er háttað, ganga frá ársreikningum sínum og leggja þá fram til endurskoðunar og birta í samræmi við ákvæði landslaga um ársreikninga félaga með takmarkaða ábyrgð sem voru samþykkt á grundvelli fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽¹⁾.

Fyrirtæki, sem er ekki skylt samkvæmt lögum að birta ársreikninga sína, skulu hafa afrit þeirra aðgengileg almenningi á aðalskrifstofu sinni.

3. Samþætt jarðgasfyrirtæki skulu halda, í innra bókhaldi sínu, aðskilda reikninga fyrir flutnings-, dreifingar- og geymslustarfsemi sína á sviði jarðgass og, ef við á, samstæðureikninga fyrir starfsemi sem ekki tengist gasi, eins og krafist væri af þeim ef aðskilin fyrirtæki sæju um viðkomandi starfsemi, í þeim tilgangi að forðast mismunun, víxlniðurgreiðslur og rökun á samkeppni. Innra bókhaldinu skal fylgja efnahagsreikningur og rekstrarreikningur fyrir hverja tegund starfsemi.

Heimilt er að sameina bókhald fyrir flutninga og dreifingu þegar ákvæði 16. gr. gilda og aðgangur að kerfinu miðast við einn taxta bæði fyrir flutninga og dreifingu.

4. Fyrirtæki skulu tilgreina, í innra bókhaldi sínu, þær reglur um skiptingu eigna og skulda, útgjalda og tekna og afskriftir, með fyrirvara um innlendar bókhaldsreglur, sem farið er eftir við gerð aðskildu reikninganna sem um getur í 3. mgr. Þessum reglum má aðeins breyta í sérstökum tilvikum. Geta skal um slíkar breytingar og rökstyðja á tilhlýðilegan hátt.

5. Í athugasemdum við ársreikningana skal getið um öll umfangsmikil viðskipti við tengd fyrirtæki.

VI. KAFLI

AÐGANGUR AÐ KERFINU

14. gr.

Þegar skipuleggja á aðgang að kerfinu geta aðildarríkin valið milli málsmeðferðanna sem um getur í 15. og 16. gr. Hafa þer hlutlægni, gagnsæi og óhlutdrægni að leiðarljósi þegar þessum aðferðum er beitt.

15. gr.

1. Þegar samið er um aðgang skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að jarðgasfyrirtæki og hæfir viðskiptamenn, hvort sem er innan eða utan svæðisins sem samtengda kerfið þjónar, geti samið um aðgang að kerfinu með þeim hætti að þeir geri kaupsamninga hver við annan á grundvelli frjálstra viðskiptasamninga. Aðilum ber að semja um aðgang að kerfinu í góðri trú.

2. Gera ber samninga um aðgang að kerfinu við hlutaðeigandi jarðgasfyrirtæki. Aðildarríkin skulu skylda jarðgasfyrirtæki til þess að birta helstu viðskiptakjör, sem þau bjóða vegna notkunar kerfisins, fyrsta árið eftir að þessi tilskipun kemur til framkvæmda og einu sinni á ári eftir það.

16. gr.

Aðildarríki, sem kjósa málsmeðferð sem lýtur að stýrðum aðgangi, skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að veita jarðgasfyrirtækjum og hæfum viðskiptamönnum, annaðhvort innan eða utan þess landsvæðis þar sem samtengda kerfið gildir, aðgangsrétt að kerfinu á grundvelli útgefna gjaldskráa og/eða annarra skilmála og skuldbindinga sem tengjast notkun kerfisins. Unnt er að veita hæfum viðskiptamönnum fyrirnefndan aðgangsrétt með því að gera þeim kleift að gera vörukaupasamninga við önnur jarðgasfyrirtæki sem eru í samkeppni, önnur en eiganda og/eða rekanda kerfisins eða tengt fyrirtæki.

17. gr.

1. Jarðgasfyrirtækjunum er heimilt að synja um aðgang að kerfinu sé nauðsynleg afkastageta ekki fyrir hendi eða ef aðgangur að kerfinu myndi koma í veg fyrir að þau geti sinnt þeirri opinberu þjónustu, sem um getur í 2. mgr. 3. gr. og þeim er ætlað, eða sakir mikilla efnahagslegra og fjárhagslegra erfiðleika vegna samninga, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð jafnvel þótt varan sé ekki afhent, með hliðsjón af þeim viðmiðunum og því verklagi, sem eru sett fram í 25. gr., og þeim kosti sem aðildarríkið velur samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 94/8/EB (Stjtið. EB L 82, 25.3.1994, bls. 33).

Gefa þarf rökstuddar ástæður fyrir slíkri synjun.

2. Aðildarríkin geta gert nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að jarðgasfyrirtæki, sem synjar um aðgang að kerfinu sakir þess að nauðsynleg afkastageta eða tenging er ekki fyrir hendi, geri nauðsynlegar úrbætur að því marki sem það er arðsamt eða þegar hugsanlegur viðskiptamaður er reiðubúinn til þess að greiða fyrir þær. Beiti aðildarríkin ákvæðum 4. mgr. 4. gr. skulu þau gera fyrrnefndar ráðstafanir.

18. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna hæfa viðskiptamenn, það er þá viðskiptamenn á yfirráðasvæði þeirra, sem hafa lögðæfi til þess að gera samninga um, eða kaupa, jarðgas í samræmi við ákvæði 15. og 16. gr., með þeim hætti að allir viðskiptamenn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, séu meðtaldir.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirtaldir viðskiptamenn að minnsta kosti séu tilnefndir hæfir viðskiptamenn:

— orkuver sem brenna gasi án tillits til þess magns sem þau nota á hverju ári; engu að síður, og í því skyni að varðveita jafnvægi á innlendum raforkumarkaði, er aðildarríkjunum heimilt að ákvarða viðmiðunarmark, sem skal ekki vera hærra en það magn sem öðrum kaupendum er ætlað, sem segir til um hæfi framleiðenda varma og orku. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um slík viðmiðunarmörk,

— aðrir endanlegir kaupendur sem nota meira en 25 milljónir rúmmetra af gasi á ári á hverjum notkunarstað.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að skilgreiningin á hæfum viðskiptamönnum, sem um getur í 1. mgr., leiði til markaðsopnunar sem jafngildir að minnsta kosti 20% af heildarársnotkun á gasi á innlendum gasmarkaði.

4. Hundradstalan, sem um getur í 3. mgr., skal hækka í 28% af heildarársnotkun á gasi á innlendum gasmarkaði fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi og í 33% af téðri notkun 20 árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi.

5. Leiði skilgreiningin á hæfum viðskiptamönnum, eins og um getur í 1. mgr., til markaðsopnunar sem er yfir 30% af heildarársnotkun á gasi á innlendum gasmarkaði getur hlutaðeigandi aðildarríki breytt skilgreiningunni á hæfum viðskiptamönnum svo fremi að markaðsopnunin fari ekki niður fyrir 30% af fyrrnefndri notkun. Aðildarríkin skulu

gæta þess að jafnvægi sé tryggt þegar þau breyta skilgreiningunni á hæfum viðskiptamönnum til þess að skapa ekki sérstakt óhagræði fyrir vissar tegundir eða flokka hæfra viðskiptamanna, og taka heldur mið af ríkjandi gerð markaðar.

6. Aðildarríkin skulu gera eftirfarandi ráðstafanir til þess að tryggja að jarðgasmarkaður þeirra verði opnaður í auknum mæli á tíu ára tímabili:

— lækka ber viðmiðunarmarkid, sem er sett fram í öðrum undirlitð 2. mgr., fyrir hæfa viðskiptamenn, aðra en orkuver sem brenna gasi, niður í 15 milljónir rúmmetra á ári á hverjum notkunarstað fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi og niður í 5 milljónir rúmmetra á ári á hverjum notkunarstað 10 árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi,

— hundradstalan, sem um getur í 5. mgr., skal hækka í 38% af heildarársnotkun á gasi á innlendum gasmarkaði fimm árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi og í 43% af fyrrnefndri notkun 10 árum eftir að tilskipun þessi öðlast gildi.

7. Með tilliti til nývaxtarmarkaða skal markaðsopnunin í áföngum, sem kveðið er á um í þessari grein, taka gildi þegar undanþágan, sem um getur í 2. mgr. 26. gr., fellur úr gildi.

8. Ef dreifingarfélög eru ekki þegar tilgreind sem hæfir viðskiptamenn samkvæmt 1. mgr. skulu þau hafa lögðæfi til að gera samninga um jarðgas í samræmi við 15. og 16. gr., það er um það magn af jarðgasi sem þeir viðskiptamenn þeirra, sem eru tilgreindir sem hæfir viðskiptamenn innan dreifikerfis þeirra, nota til að þjóna þeim viðskiptamönnum.

9. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 31. janúar ár hvert, birta viðmiðanirnar fyrir skilgreiningu á hæfum viðskiptamönnum sem um getur í 1. mgr. þessarar upplýsingar, ásamt öllum öðrum viðeigandi upplýsingum, sem réttlæta opnun markaðarins samkvæmt þessari grein, skulu sendar framkvæmdastjórninni til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*. Framkvæmdastjórninni er heimilt að fara þess á leit við aðildarríki að það breyti lýsingum sínum ef þær standa í vegi fyrir rétttri beitingu þessarar tilskipunar að því er varðar hnökralausa starfsemi innri jarðgasmarkaðarins. Ef hlutaðeigandi aðildarríki fer ekki að fyrrnefndri kröfu innan þriggja mánaða skal tekin lokaákvörðun í samræmi við málsmeðferð I í 2. gr. ákvörðunar ráðsins 87/373/EBE frá 13. júlí 1987 þar sem mælt er fyrir um málsmeðferð við beitingu framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 197, 18.7.1987, bls. 33.

19. gr.

1. Til að forðast misræmi við opnun gasmarkaða á því tímabili sem um getur í 28. gr.:

- a) má ekki banna samninga um afhendingu gass samkvæmt ákvæðum 15., 16. og 17. gr. við hæfan viðskiptamann í kerfi annars aðildarríkis ef viðskiptamaðurinn telst hæfur í báðum kerfunum;
- b) er framkvæmdastjórninni heimilt, í tilvikum þar sem viðskiptanna, sem lýst er í a-lið, er synjað af því að viðskiptamaðurinn er aðeins hæfur viðskiptamaður í öðru kerfinu, og að teknu tilliti til ástandisins á markaðinum og sameiginlegra hagsmuna, að skylda þann aðila sem synjar um viðskiptin til að sjá um afhendingu gassins sem farið var fram á að beiðni aðildarríkisins þar sem hæfi viðskiptamaðurinn hefur aðsetur.

2. Samhliða málsmeðferðinni og tímaröðinni, sem mælt er fyrir um í 28. gr., og eigi síðar en að liðnum helmingi þess tímabils sem þar er kveðið á um, skal framkvæmdastjórnin endurskoða beitingu b-liðar 1. mgr. á grundvelli markaðsþróunar og að teknu tilliti til sameiginlegra hagsmuna. Í ljósi fenginnar reynslu metur framkvæmdastjórnin stöðuna og leggur fram skýrslu um hugsanlegt misræmi samhliða opnun gasmarkaða, að teknu tilliti til b-liðar 1. mgr.

20. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

- að jarðgasfyrirtæki, sem hafa staðfestu á yferráðasvæði þeirra, geti veitt viðskiptamönnum, sem er lýst í 18. gr. þessarar tilskipunar, þjónustu um beina leiðslu;
- að allir hæfir viðskiptamenn á yferráðasvæði þeirra fái þjónustu frá jarðgasfyrirtækjum um beina leiðslu.

2. Ef um það er að ræða að leyfi (t.d. nytjaleyfi, heimild, sérleyfi, samþykki eða viðurkenningu) þurfi til þess að reisa eða starfrækja beinar leiðslur skulu aðildarríkin, eða lögbær yfirvöld sem þau tilnefna, ákvarða viðmiðanir sem gilda um veitingu leyfa til þess að reisa eða starfrækja slíkar leiðslur á yferráðasvæði þeirra. Þessar viðmiðanir skulu vera hlutlægar, gagnsæjar og án mismununar.

3. Aðildarríkjnum er heimilt að veita leyfi til að leggja beina leiðslu í kjölfar þess að annaðhvort hefur verið synjað um aðgang að kerfi á grundvelli 17. gr. eða að hafin er málsmeðferð til lausnar deilumáli í samræmi við 21. gr.

21. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að samningsaðilar semji um aðgang að kerfinu í góðri trú og að enginn þeirra misnoti samningsstöðu sína til þess að koma í veg fyrir að samningar takist.

2. Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald, sem skal vera óháð samningsaðilum, til að leysa deilumál með skjótum hætti sem tengjast þeim samningaviðræðum sem um er að ræða. Fyrirnefnt yfirvald skal einkum leysa deilumál sem tengjast samningaviðræðum og því að synjað er um aðgang sem fellur undir gildissvið þessarar tilskipunar. Lögbæra yfirvaldið skal kunngjöra niðurstöður sínar án tafar eða innan 12 vikna frá því að deilumálið var lagt fyrir. Það að máli sé vísað til fyrirnefnds yfirvalds kemur ekki í veg fyrir að málskotsréttur sé nýttur samkvæmt lögum bandalagsins.

3. Nái deilumál yfir landamæri skal yfirvaldið, sem leysir deilumálið, vera það yfirvald sem kerfi jarðgasfyrirtækisins, sem synjar um notkun á kerfinu eða aðgang að því, fellur undir. Ef viðkomandi kerfi fellur undir fleiri en eitt slíkt yfirvald í deilumáli sem nær yfir landamæri skulu yfirvöldin eiga samráð sín á milli til þess að samræmi sé tryggt þegar ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt.

22. gr.

Aðildarríkin skulu koma á viðeigandi og skilvirku fyrirkomulagi stýringar, stjórnunar og gagnsæis til að forðast misnotkun á yfirburðastöðu, einkum þegar hún kemur niður á neytendum, og undirverðlagningu. Þetta fyrirkomulag skal taka tillit til ákvæða sáttmálans, einkum 86. gr.

23. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að jarðgasfyrirtæki og viðskiptamenn, sem krafa er gerð um að séu hæfir samkvæmt 18. gr., geti, óháð staðsetningu, fengið aðgang að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas, meðal annars að virkjum sem veita tækniþjónustu í tengslum við slíkra þjónustu, í samræmi við þessa grein, að undanskildum þeim hlutum slíkra kerfa og virkja sem eru notaðir við staðbundna framleiðslu á því svæði þar sem gasið er framleitt. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir í samræmi við ákvæði 29. gr.

2. Veita ber aðganginn, sem um getur í 1. mgr., með þeim hætti sem aðildarríkin ákveða í samræmi við viðeigandi löggæringa. Aðildarríkin skulu hafa það að markmiði að aðgangur sé með sanngjörnum hætti og frjáls, að til verði samkeppnismarkaður fyrir jarðgas og sneitt sé hjá misnotkun

yfirburðastöðu, að teknu tilliti til þess að afhending sé örugg og fari reglulega fram, til afkastagetu, sem er fyrir hendi eða telja má raunhæft að ná, svo og til umhverfisverndar. Taka má tillit til eftirfarandi:

- a) að nauðsynlegt er að synja um aðgang ef tækniforskriftir eru ósamrýmanlegar og erfitt um vik að bæta úr því;
- b) að nauðsynlegt er að sneiða hjá erfiðleikum sem ekki er unnt að yfirstíga með eðlilegum hætti og sem kynnu að skaða skilvirka, yfirstandandi framleiðslu og fyrirhugaða framleiðslu vetniskolefna í framtíðinni, meðal annars frá svæðum sem eru jaðarsvæði með tilliti til lífvænleika í efnahagslegu tilliti;
- c) að nauðsynlegt er að taka tillit til rökstuddra og eðlilegra þarfa eiganda eða rekanda viðkomandi leiðslukerfis fyrir óunnið jarðgas fyrir flutning og vinnslu gass og hagsmuna allra annarra notenda leiðslukerfisins fyrir óunnið jarðgas eða viðkomandi virkja, þar sem vinnsla og meðhöndlun fer fram og sem kunna að verða fyrir áhrifum; og
- d) að nauðsynlegt er að þau beiti lögum sínum og viðhafi stjórnábyrgðingarmætti í samræmi við lög bandalagsins þegar veita á leyfi til framleiðslu eða þróunar í tengslum við óunnið jarðgas.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að til sé fyrirkomulag til lausnar deilumálum, meðal annars yfirvald sem er óháð málsaðilum og hefur aðgang að öllum viðkomandi upplýsingum til þess að unnt sé að leysa deilumál, sem tengjast aðgangi að leiðslukerfum fyrir óunnið jarðgas, með fljótvirkum hætti, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana, sem um getur í 2. mgr., og fjölda þeirra aðila sem kunna að vera þátttakendur í samningum um aðgang að slíkum leiðslukerfum.

4. Nái deilumál yfir landamæri skal styðjast við það fyrirkomulag til lausnar deilumálum sem gildir í því aðildarríki sem hefur lögsögu yfir leiðslukerfinu fyrir óunnið jarðgas sem synjað er um aðgang að. Ef viðkomandi veitukerfi fellur undir fleiri en eitt aðildarríki í deilumáli sem nær yfir landamæri skulu hlutadeigandi aðildarríki eiga samráð sín á milli til þess að samræmi sé tryggt þegar ákvæðum þessarar tilskipunar er beitt.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

24. gr.

1. Komi skyndilega til kreppu á orkumarkaðinum og sé öryggi fólks, tækja eða búnaðar eða heildstæði kerfisins

stofnað í hættu, er aðildarríki heimilt að grípa tímabundið til nauðsynlegra öryggisráðstafana.

2. Slíkar ráðstafanir þurfa að vera með því móti að þær valdi sem minnstum truflunum á starfsemi innri markaðarins og mega ekki vera viðtækari en nauðsynlegt er til að bregðast við vandanum sem komið hefur upp.

3. Viðkomandi aðildarríki skal tafarlaust tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um þessar ráðstafanir og er henni heimilt að ákveða að aðildarríkinu beri að breyta ráðstöfununum eða afnema þær, að því marki sem þær raska samkeppni og hafa neikvæð áhrif á viðskipti á einhvern þann hátt sem stríðir gegn sameiginlegum hagsmunum.

25. gr.

1. Standi jarðgasfyrirtæki frammi fyrir alvarlegum efnahags- og fjárhagsvanda, eða telur að svo muni verða, vegna skuldbindinga, sem það gengst undir með einum eða fleiri gaskaupasamningum, þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent getur það sent hlutadeigandi aðildarríki eða tilnefndu lögbæru yfirvaldi umsókn um bráðabirgðaundanþágu frá ákvæðum 15. og/eða 16. gr. Aðildarríkin geta valið, í hverju tilviki um sig, hvort umsóknunum skuli skilað áður en eða eftir að synjað er um aðgang að kerfinu. Aðildarríkin geta einnig gefið hlutadeigandi jarðgasfyrirtæki kost á því að velja hvort það skilar umsókn áður en eða eftir að synjað er um aðgang að kerfinu. Hafí jarðgasfyrirtæki synjað um aðgang skal skila umsókninni án tafar. Með umsókninni skulu fylgja allar viðkomandi upplýsingar um eðli og umfang þess vanda sem við er að etja og viðleitni jarðgasfyrirtækisins til þess að leysa hann.

Séu aðrar lausnir ekki tiltækar þannig að eðlilegt megi teljast, og að teknu tilliti til ákvæða 3. mgr., getur hlutadeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald ákveðið að veita undanþágu.

2. Aðildarríkið eða tilnefnda lögbæra yfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ákvörðun sína þess efnis að veita undanþágu og leggja fram allar viðkomandi upplýsingar sem varða undanþáguna. Heimilt er að senda framkvæmdastjórninni samsafn fyrrnefndra upplýsinga til þess að gera henni kleift að komast að vel rökstuddri niðurstöðu. Framkvæmdastjórnin getur, innan fjögurra vikna frá því að henni berst fyrrnefnd tilkynning, óskað eftir því að hlutadeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald breyti eða dragi til baka þá ákvörðun að

veita undanþágu. Ef hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald fer ekki að fyrrnefndum tilmælum innan fjögurra vikna skal tekin skjót lokaákvörðun í samræmi við málsmeðferð I í 2. gr. ákvörðunar 87/373/EBE.

Framkvæmdastjórnin skal fara með viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem trúnaðarmál.

3. Þegar teknar eru ákvarðanir um undanþágurnar sem um getur í 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki eða tilnefnt lögbært yfirvald og framkvæmdastjórnin einkum taka mið af eftirtöldum viðmiðunum:

- a) því markmiði að koma á samkeppnismarkaði fyrir gas,
- b) nauðsyn þess að rækja skyldur um opinbera þjónustu og tryggja öryggi með tilliti til afhendingar,
- c) stöðu jarðgasfyrirtækisins á gasmarkaðinum og raunverulegri samkeppnisstöðu á þessum markaði,
- d) alvarlegum efnahags- og fjárhagslegum erfiðleikum sem jarðgasfyrirtæki og fyrirtæki sem annast flutning eða hæfir viðskiptamenn standa frammi fyrir,
- e) dagsetningum undirskriftar og skilmálum viðkomandi sammings, meðal annars að hve miklu leyti þeir gera ráð fyrir markaðsbreytingum,
- f) viðleitni til þess að finna lausn á þeim vanda sem við er að etja,
- g) að hve miklu leyti hlutaðeigandi fyrirtæki hefði átt að sjá fyrir, að teknu tilliti til ákvæða þessarar tilskipunar, líkur á að alvarlegir erfiðleikar myndu fylgja því að gangast undir skuldbindingar þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt vara sé ekki afhent,
- h) í hve ríkum mæli kerfið er tengt öðrum kerfum og að hve miklu leyti er um rekstrarsamhæfi kerfanna að ræða,
- i) þeim áhrifum sem veiting undanþágu myndi hafa á rétta beitingu þessarar tilskipunar með tilliti til hnökralausrar starfsemi innri jarðgasmarkaðarins.

Ákvörðun viðvikjandi beiðni um undanþágu vegna samninga, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem gerðir eru áður en tilskipun þessi öðlast gildi, ætti ekki að leiða til aðstæðna sem gera að verkum að ókleift er að finna aðra og fjárhagslega hagkvæmari afgreiðslukosti. Að minnsta kosti skal líta svo á að ekki sé um alvarlega erfiðleika að ræða þegar sala jarðgass er ekki undir því lágmarki fyrir afgreiddan skammt sem er tryggt í gaskaupasamningum, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, eða svo fremi að unnt sé að gera breytingar á viðkomandi gaskaupasamningi, þar sem kaupandi skuldbindur sig til að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, eða að hlutaðeigandi jarðgasfyrirtæki geti fundið annars konar afgreiðslukosti.

4. Jarðgasfyrirtæki, sem hefur ekki verið veitt undanþága, eins og um getur í 1. mgr., skulu ekki eða skulu ekki framar synja um aðgang að kerfinu af ástæðum sem varða skuldbindingar, þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, sem gengist hefur verið undir í gaskaupasamningi. Aðildarríkin skulu tryggja að viðeigandi ákvæðum VI. kafla sé hlitt.

5. Færa ber gild rök fyrir öllum undanþágum sem eru veittar samkvæmt ákvæðunum hér að framan. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvörðunina í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. Framkvæmdastjórnin skal, áður en fimm ár eru liðin frá því að tilskipun þessi öðlast gildi, leggja fram endurmatsskýrslu um þá reynslu sem fengist hefur af því að beita ákvæðum þessarar greinar til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift, þegar þar að kemur, að fjalla um þörfina á að breyta henni.

26. gr.

1. Aðildarríkjum, sem eru ekki beintengd samtengdu kerfi annars aðildarríkis og hafa einungis einn erlendan birgi, er heimilt að víkja frá ákvæðum 4. gr., 1., 2., 3., 4. og 6. mgr. 18. gr. og/eða 20. gr. þessarar tilskipunar. Birgir, sem hefur yfir 75% markaðshlutdeild, telst vera aðalbirgir. Undanþága þessi fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og að minnsta kosti eitt þessara skilyrða á ekki lengur við. Til kynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

2. Aðildarríki, sem uppfyllir skilyrði fyrir því að geta talist nývaxtarmarkaður og sem vegna beitingar ákvæða þessarar tilskipunar myndi lenda í verulegum vandræðum, sem eiga ekki skylt við skuldbindingar sem um getur í 25. gr., í samningum þess efnis að greiða tiltekna fjárhæð þótt varan sé ekki afhent, er heimilt að víkja frá ákvæðum 4. gr., 1., 2., 3., 4. og 6. mgr. 18. gr. og/eða 20. gr. þessarar tilskipunar þessi undanþága fellur sjálfkrafa úr gildi um leið og aðildarríkið uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir því að geta talist nývaxtarmarkaður. Til kynna ber framkvæmdastjórninni um allar slíkar undanþágur.

3. Þegar um það er að ræða að framkvæmd þessarar tilskipunar myndi valda verulegum vandræðum á landfræðilega takmörkuðu svæði í aðildarríki, einkum með tilliti til þróunar flutningsgrunnvirka, og í því augnamiði að örva fjárfestingar getur viðkomandi aðildarríki sótt um bráðabirgðaundanþágu til framkvæmdastjórnarinnar frá ákvæðum 4. gr., 1., 2., 3., 4. og 6. mgr. 18. gr. og/eða 20. gr. vegna þróunar innan fyrrnefnds svæðis.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að veita undanþáguna sem um getur í 3. mgr., að teknu tilliti til eftirfarandi skilyrða sérstaklega:

— þarfar fyrir fjárfestingar í grunnvirkjum sem ekki yrðu hagkvæmar á samkeppnismarkaði,

28. gr.

— hve mikilla fjárfestinga er þörf og endurgreiðsluhorfa,

— stærðar gaskerfisins og þróunarstigs á viðkomandi svæði,

— framtíðarhorfa á viðkomandi gasmarkaði,

— landfræðilegrar stærðar og einkenna viðkomandi svæðis eða landshlutar, og

29. gr.

— félagslegra, efnahagslegra og lýðfræðilegra þátta.

Frankvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu þessarar tilskipunar og leggja fram skýrslu um reynsluna af starfsemi innri jarðgasmarkaðarins og beitingu almennu reglnanna sem nefndar eru í 3. gr. til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift, þegar þar að kemur, að fjalla, í ljósi fenginnar reynslu, um möguleikann á frekari opnun jarðgasmarkaðarins sem gæti komið til framkvæmda tíu árum eftir að þessi tilskipun öðlast gildi.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en tveimur árum eftir þann dag sem er tilgreindur í 30. gr. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Því aðeins er heimilt að veita undanþágu hafi engin gasgrunnvirki verið reist á fyrrnefndu svæði eða slík grunnvirki hafi verið þar skemur en 10 ár. Óheimilt er að veita bráðabirgðaundanþágu lengur en í 10 ár frá því að gas er fyrst afhent á svæðinu.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um umsóknir sem eru lagðar fram samkvæmt 3. mgr. áður en hún tekur ákvörðun í samræmi við ákvæði 4. mgr., að teknu tilliti til trúnaðarkröfunnar. Birta ber ákvörðunina ásamt undanþágunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

30. gr.

27. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

31. gr.

1. Framkvæmdastjórnin sendir Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um samhæfingarkröfur sem ekki tengjast ákvæðum þessarar tilskipunar, fyrir lok fyrsta árs eftir að tilskipun þessi öðlast gildi. Ef með þarf latur framkvæmdastjórnin fylgja skýrslunni þær samhæfingartillögur sem nauðsynlegar eru fyrir virka starfsemi innri markaðarins fyrir jarðgas.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 22. júní 1998.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

Fyrir hönd ráðsins,

J. M. GIL-ROBLES

J. CUNNINGHAM

forseti.

forseti.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu láta í ljós álit sitt á þessum tillögum innan tveggja ára frá því að þær eru lagðar fram.